SMOKE ALARM

Tilvísunarnúmer: 2001-030
Þróað af CAVIUS

## VINSAMLEGA LESIÐ NOTKUNARLEIÐBEININGAR ÍTARLEGA FYRIR NOTKUN OG GEYMIÐ TIL SEINNI NOTA!

CAVIUS reykskynjari er hannaður fyrir heimili, fellihýsi og hljólhýsi. Ekki er mælt með notkun skynjarans í báta.

**Tæknilegar upplýsingar:**
**Tegund viðvörunar**: CAVIUS reykskynjari er optískur reykskynjari.

**Viðvörunarmerki**: Eldviðvörunarboð eru gefin til kynna með endurteknum hljóðum. Lágmarks hljóðstyrkur er 85 dB við 3 m.

**Rafhlaða**: Skynjarinn er spennufæddur með **útskiptanlegri** 3v CR2 DESAY eða DURACELL Lithium rafhlöðu (fylgir). Hægt er að skipta einu sinni um rafhlöðu, **eftir 10 ára notkun skal farga skynjaranum.**
**MIKILVÆGT**: Rétt virkni skynjarans er tryggð með notkun DESAY/ DURACELL rafhlöðu.

**Tilkynning um lága stöðu rafhlöðu:** Stutt “bíp” heyrist og LED ljós mun blikka á 48 sek. fresti þegar rafhlaðan er að tæmast. Það mun halda áfram í að minnsta kosti 30 daga.
Mælt er með að skipta um reykskynjara eftir 10 ár, eða ef skynjarinn hefur orðið fyrir einhvers konar skemmdum. Ekki er hægt að koma skynjara fyrir í sökkli nema rafhlaða sé til staðar.



**Staðsetning**: Skynjarinn er hannaður til að vera settur í loft og ætti hann að vera staðsettur a.m.k. 50 cm frá vegg, hafa skal að lágmarki einn skynjara á hæð og hámarksfjarlægð milli skynjara skal ekki vera meiri en 10 m.

**Viðvörunarmerki**: Skynjarinn er búinn bæði sjónmerki og hljóðmerki til að gefa viðvörun. Í hlutlausri stöðu blikkar LED ljósið á 48 sek. fresti til að gefa til kynna eðlilega virkni. Í viðvörunarham blikkar LED ljósið og skynjarinn gefur frá sér hávært hljóð til að vara íbúa við.

**Stöðvun hljóðgjafa:** Komi til þess að óviljandi eða fölsk viðvörun fari í gang skal ýta á hliðarhnapp skynjarans. Þetta mun slökkva á viðvöruninni í 10 mín., en eftir það mun skynjarinn sjálfvirkt taka aftur upp sína eðlilegu virkni.

**Viðhald:** Reykskynjarann skal ryksuga ársfjórðungslega, og strjúka má af honum með rökum klút. (Opnið skynjarann ekki). Prófið skynjarann minnst ársfjórðungslega með því að þrýsta á prófunarhnappinn. Skynjarinn fer þá í sjálfsprófun og gefur frá sér háværan viðvörunartón.




**Bestu staðsetningar skynjara:**
• Að lágmarki skal staðsetja skynjara milli mögulegra eldsupptaka og svefnherbergja.
• Skynjari á hverri hæð og á göngum og í stigarýmum.
• Skynjari í hverju rými t.d. svefnherbergjum og stofu.

Viðbótarskynjarar auka öryggi.




**Uppsetning skynjara:**
**1.** Losið skynjarann úr sökklinum með því að snúa rangsælis. Notið sökkulhringinn til að merkja fyrir skrúfugötum í loftið. Notið meðfylgjandi skrúfur og tappa til að festa upp sökkulinn. Þegar búið er að koma sökklinum fyrir í loft er skynjarinn festur í með því að snúa réttsælis.







**2**. Togið út rafhlöðueinangrunarræmu eins og sýnt er.



**3**. Þegar uppsetningu er lokið skal prófa skynjarann með því að þrýsta á prufuhnappinn á hliðinni og fá með því háværan tón.
**Athugið:** Miðann sem er á vörunni má alls ekki fjarlægja þar sem hann hefur að geyma mikilvægar upplýsingar varðandi vöruna.

**Skynjarann má ekki staðsetja:**
• Í rykugum herbergjum.
• Efst í háu lofti eða í hornlofti né innan 50 cm frá vegg.
• Í rýmum þar sem hitastig fellur undir +4° eða fer yfir 38°C eða yfir 90% hlutfallslegan óþéttan raka.
• Í eldhúsi, bílskúr og eldstæði þar sem finna má raka, gas eða reyk. Staðsetjið skynjarann þar sem hægt er að nálgast hann til rafhlöðuprófunar og viðhalds.

**Bilanagreining:** Ef reykskynjarinn virkjast án nokkurrar sjáanlegrar ástæðu, gæti möguleg ástæða verið:
• Rykagnir í reykhólfinu sem fjarlægja má með því að ryksuga síuna.
• Hátt rakastig sem lagfæra má með því að þurrka reykskynjarann.
Ef reykskynjarinn virkar ekki þegar þrýst er á prófunarhnappinn gæti möguleg ástæða þess verið biluð rafhlaða. Athugið hvort að rafhlaðan sé slitin og skiptið um hana.
**Prófið alltaf skynjarann þegar búið er að skipta um rafhlöðu.**

**Aðrar upplýsingar:** Málið ekki skynjarann.

**Förgun:** Vinsamlega fargið bæði rafhlöðu og vörunni sjálfri á viðeigandi hátt þegar notkun lýkur. Bæði skynjari og rafhlaða er rafmagnsúrgangur og hann ætti að endurnýta.




CE táknið sem þessi vara fær, staðfestir að farið hafi verið eftir þeim evrópsku tilskipunum sem eiga við vöruna og þá sérstaklega í samræmi við samræmdar forskriftir EN 14604 staðals varðandi byggingavörureglugerð 305/2011.

Allur réttur áskilinn: CAVIUS Aps tekur enga ábyrgð á villum sem finna mætti í þessari handbók. Ennfremur áskilur CAVIUS Aps sér rétt til að breyta vélbúnaði, hugbúnaði og/eða sérstökum upplýsingum í handbókinni hvenær sem er án fyrirvara, og CAVIUS Aps skuldbindur sig ekki til að uppfæra þær upplýsingar sem hér er að finna. Öll vörumerki sem hér eru upptalin eru í eigu viðkomandi eigenda.
Höfundarréttur © CAVIUS Aps.

Þróað af CAVIUS Aps Julsøvej 16, DK-8600
Framleitt í Kína.